

# STARFSLEYFI

## Förgun ehf.

ÍSAT nr. 15.41.0.2 – Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi >10 tonn á dag

**Heiðargerði 5, Flóahreppi  
801 Selfoss**

kt. 580169 7249

Nafn og kt. rekstraraðila: **Förgun ehf., 580169 7249**  
Heimilisfang: **Heiðargerði 5, 801 Selfoss**

**Útgáfudagur: 27. febrúar 2007      Gildir til: 27. febrúar 2019**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli, þegar um matvæli er að ræða og laga nr 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir Förgun ehf., dags. 27. febrúar 2007.**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 56, 800 Selfossi    kt. 480284 0549    Sími 480 8220

Selfossi, 27. febrúar 2007



**Elsa Ingjaldsdóttir,**  
framkvæmdastjóri